

í króknum litla þínum þér,  
í mínum mér.

„Hún er í „króknum“ mínum, steikin sú arna, býst eg við“—hugsáði María. „Ef barnið að tarna á að gera það, sem því er unt, þá vænti eg, að eg eigi að gera það líka. Ef hann tekur eftir hnífum, þá tekur hann sennilega eftir steikinni.“—Og hún steikti hana óvenjulega vel í þetta sinn.

„María! steikin þín er ágæt í dag“—sagði Emma.

María svaraði, að það væri Grétu að þakka. Og án egjan skein út úr rjóða andliti á henni. Og svo sagði hún söguna um Grétu. Emma var að „straua“ fellingar á kjól. Hún var sveitt og reytt. Hún hugsáði með sjálfrí sér: „Það held eg, að henni Helenu standi nokkurn veginn á sama, þó fe'lingarnar bessar sé ekki upp á hið allra fallegasta. Eg flýti mér bara að verða búin.“ En þegar hún heyrði söguna um Grétu, fór hún að vanda sig og „stravaði“ nú kjólinn eins vel og henni var unt. „Nei, hvað haim er fallezur kjóllinn minn!“—sagði Helena.—Emma brosti eg sagði, að það væri Grétu að þakka. Sagði svo söguna um hana.

Um kvöldið sagði Helena við vinstúlkun sína, sem hafi hana erdilega að koma út með sér: „Nei, eg get það ekki í kvöld. Krókurinn minn er í kirkjunni.“

„Krókurinn þina! Hvað á nú þetta að þvíða?“—sagði vinstúlkan. Helena sagði henni há söguna af Grétu.

Vinstúlka hennar sagði há við hana: „Tæja þá! úr því bí vilt ekki fara út með mér, kanske er þá fari með þér.“ Og svo fóru þær báðar til kirkjunnar.

„Mér þótti vænt um að þið komuð. Þið hjálpuðuð okkur svo ágætlega með sönginn“—sagði presturinn við þær, þegar þær voru að fara út úr kirkjunni. „Eg var hræddur um, að þið ætluðuð ekki að koma.“

Helena gegndi því og sagði: „Það var Grétu litlu okkar að þakka.“ „Og svo sagði hún honum söguna um Grétu.

Presturinn var á gangi úti um kvöldið. Hann nam staðar syrir framan hús eitt og sagði við sjálfsan sig: „Eg held eg verði að koma hérra við aftur. Í gær sagði eg, að það væri ekki til neins. En eg verð að gera það, sem mér er unt.“ — Í húsinu lá maður veikur. Hvað eftir annað hafði presturinn komið til hans, en hafði ekki fengið neina áheyrn. Þegar hann nú kom, sagði hann við ham: „Eg kom til þess að segja þér dálítla sögu.“ Og svo sagði hann honum söguna um Grétu. Þegar hann var búinn að segja söguna, þeरrar sjúki maðurinn tárin úr augunum á sér og segir: „Eg finn „krókinn“ minn lika, og reyni